



2021-2022

# Bekkjarnámskrá

Yngra stig



Sonja Karen Marinósdóttir  
LAUGARGERÐISSKÓLI

## Efnisyfirlit

---

Almennt	bls 3
Íslenska 1.bekkur	bls 3
Hæfniviðmið	bls 3-4
Skipulag kennslunnar	bls 4
Grunnþættir menntunar	bls 5
Námsmat	bls 5-6
Stærðfræði 1. bekkur	bls 6
Hæfniviðmið	bls 6-7
Skipulag kennslunnar	bls 7-8
Grunnþættir menntunar	bls 8
Námsmat	bls 8
Íslenska 4.bekkur	bls 8
Hæfniviðmið	bls 8-10
Skipulag kennslunnar	bls 10
Grunnþættir menntunar	bls 10-11
Námsmat	bls 11
Stærðfræði 4. bekkur	bls 11
Hæfniviðmið	bls 11-13
Skipulag kennslunnar	bls 13
Grunnþættir menntunar	bls 13-14
Námsmat	bls 14
Íslenska 5.bekkur	bls 14
Hæfniviðmið	bls 14-16
Skipulag kennslunnar	bls 16
Grunnþættir menntunar	bls 16
Námsmat	bls 16
Stærðfræði 5. bekkur	bls 17
Hæfniviðmið	bls 17-18
Skipulag kennslunnar	bls 18-19
Grunnþættir menntunar	bls 19
Námsmat	bls 19
Samfélagsfræði 1.-5.bekkur	bls 19
Hæfniviðmið	bls 20-22
Skipulag kennslunnar	bls 22
Grunnþættir menntunar	bls 22

## Bekkjarnámskrá

Námsmat	bls 23
Lífsleikni 1.-5.bekkur	bls 23
Hæfniviðmið	bls 23-25
Skipulag kennslunnar	bls 25
Grunnþættir menntunar	bls 25-26
Námsmat	bls 26
Náttúrufræði 1.-5.bekkur	bls 26
Hæfniviðmið	bls 26
Skipulag kennslunnar	bls 26
Grunnþættir menntunar	bls 27
Námsmat	bls 27
Upplýsinga- og tæknimennt 1.-5.bekkur	bls 28
Hæfniviðmið	bls 28
Skipulag kennslunnar	bls 28
Grunnþættir menntunar	bls 28
Námsmat	bls 28
Mynd- og handmennt 1.-5. bekkur	bls 29
Hæfniviðmið	bls 29
Grunnþættir menntunar	bls 29
Námsmat	bls 30
Íþróttir og sund 1.-5.bekkur	bls 30
Hæfniviðmið	bls 30
Skipulag kennslunnar	bls 31
Grunnþættir menntunar	bls 31
Námsmat	bls 31

# Bekkjarnámskrá

## Yngra stigs

### Almennt

---

Á yngra stigi eru 6 nemendur í 1., 4. og 5.bekk.

Lykilhæfni er metin þvert á námsgreinar á sérstöku námsmatsblaði.

Heimavinnutímar eru 120 mínútur á viku – Ef nemendur hafa lokið heimavinnuáætlun vikunnar nýtast þessir tímar fyrir frekari kennslu/æfingu í þeim greinum sem þurfa þykir fyrir hvern og einn nemanda.

Umsjónarkennari er Sonja Karen Marinósdóttir.

### Íslenska 1.bekkur

---

*Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir*

Kennslustundir: 240 mínútur á viku.

#### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- tjáð sig með leikrænum tilburðum fyrir framan áhorfendur/bekkjarfélaga
- sagt frá t.d.:
- ✓ eftirminnilegum atburðum,
- ✓ lýst ákveðnu fyrirbæri,
- endursagt í grófum dráttum frásögn eða texta sem hefur verið lesinn
- hlustað á upplestur með athygli
- nýtt sér efni á rafrænu formi
- þekkt öll íslensku máhljóðin og borið þau rétt fram.

#### Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lesið texta við hæfi á lipran og skýran hátt
- valið sér lesefni miðað við áhuga, getu og tilgang
- þekkt helstu hugtök svo sem aðalpersónur, söguþráð, umhverfi og boðskap sögu
- þekkt rím og geti rímað
- þekkt vísur og nokkur ljóð
- nýtt sér myndrænar upplýsingar

#### Ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- haldið rétt á skriffæri

- dregið rétt til stafs
- skrifað skýrt og greinilega, bæði stafi og tölustafi
- samið stutta texta frá eigin brjósti, miðað við lestrarfærni

### Málfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- búið til málsgreinar
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og bent á þau í stuttum textum
- leikið sér með orð, rímað og farið í orðaleiki með kennurum og nemendum

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál fyrir byrjendur.

### Hlustun og talað mál

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim
- tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda
- tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu
- borið fram helstu málhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði
- spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum

### Lestur, bókmenntir og ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað og skilið íslenskt stafróf og tengt saman hljóð og staf
- lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur
- samið, sagt upphátt eða skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð

### Skipulag kennslunnar

Íslenskunám skipar stóran sess í námi barna í 1. bekk og er íslenskan samtvinnuð öllu öðru námi barnanna. Þau læra ný hugtök í öllum greinum og auka þannig orðaforða sinn verulega. Í íslenskutímum í stundatöflu er mikilvægi lesturs í forgrunni, auk þess sem ritunarferlið er þjálfað jafnt og þétt eftir því sem lestrarfærnin eykst. Unnið er jafnframt að markvissri málörvun daglega með nemendum.

Allir kennarar eru íslenskukennarar barnanna og íslenskan er það tæki, ásamt myndrænni framsetningu sem við notum hve mest í öllu námi.

Nemendur vinna ýmist í einstaklingsverkefnum eða taka þátt í hópverkefnum með eldri nemendum. Mikil áhersla verður á stafainnlagnir, þjálfun lesturs og að auka lesskilning og að draga rétt til stafs í 1. bekk. Á hverjum degi lesa nemendur fyrir kennara eða í 20 mínútur auk þess að yndislestur er þjálfaður og bókasafnið kynnt fyrir nýjum notendum.

### Námsefni

Lestrarlandið, lesbók og vinnubækur 1+,1 og 2. Skrift 1-2, ýmiskonar málörvunarefni, spil, orðasöfn, leikir og hljóðbækur á krakkavef mms.is, myndbönd, bækur og fleira tilfallandi.

## Grunnþættir menntunar

**Læsi:** Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingarbæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

**Sjálfbærni:** Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hafa til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í rúon og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tilfinningar nemanda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

**Lýðræði og mannréttindi:** eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærrí mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint of þjálfaðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúin að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslur þeirra.

**Jafnrétti:** Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notið sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum. Hugað er einnig að jafnrétti í víðara samhengi, t.d. varðandi útlit, þjóðerni, félagslega stöðu o.s.frv.

**Heilbrigði og velferð:** Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur sem er líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjarandi þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð. Nemendur fá enn fremur að kynnast slökunaraðferðum til að vinna bug á kvíða, spennu og vanlíðan sem þeir geta nýtt sér hvar og hvenær sem er.

**Sköpun:** er eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu. Á yngra stigi er mikil áhersla lögð á skapandi úrvinnslu verkefna á sviði myndlistar og mikil áhersla lögð á að þjálfra hrynjandi, takt og söng með markvissum kennsluáðferðum tónmenntar.

## Námsmat

Námsmat í íslensku fer fram með ýmsum hætti. Einkum er beitt símati og heildstæð verkefni metin.

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti viðfangsefnisins.

- Lestur er metinn með atkvæðaprófum eða stafakönnunum þrisvar-fjórum sinnum yfir veturinn sbr. lestrarstefnum árganganna.
- Lestur og læsi er metið í Lesferli Menntamálastofnunar.

- Skrift er metin með rithandarsýnishornum þar sem metið er halli, stafagerð, hald um skriffæri, hvar nemandi byrjar á stafnum og hversu vel stafirnir „sitja“ á línunni.
- Samþætt verkefni þar sem ritun, lestur, miðlun upplýsinga og framsetning þeirra er metin jafnt og þétt eftir því sem verkefni eru unnin og þá með leiðsagnarmati.
- Framsögn er sömuleiðis metin m.a. á litlu jólum, á árhátíð, á kynningum samþættra verkefna og í „krók“.
- Stuttar kannanir verða lagðar fyrir, einkum munnlegar þar sem hæfni nemenda er könnuð samanber hæfniviðmið hér að ofan.

## Stærðfræði 1.bekkur

---

*Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir*

Kennslustundir: 300 mínútur á viku.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum; Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar snúa að almennum viðmiðum um stærðfræðilega hæfni. Síðari fjórir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar; Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

### Hæfniviðmið

#### **Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

Stefnt er að því að nemendur geti:

- tjáð sig um stærðfræði og beitt skapandi hugsun og ígrundun við lausn verkefna
- leyst stærðfræðiprautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
- sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi þeirra og daglegu lífi
- nýtt sér fjölbreytt gögn við úrlausn verkefna og unnið hlutbundið að verkefnum

#### **Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar**

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- þekkt vel, skilið, túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki (+-og=) og tengt þau við daglegt mál
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni

#### **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga
- kynnst því hvar og hvenær við getum nýtt okkur stærðfræði

## Tölur og reikningur

Stefnt er að því að nemendur geti:

- unnið með og notað náttúrulegar tölur frá 0-100 (1000 fyrir lengra komna), raðað þeim og borið saman
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar- og deilingardæmi
- nýtt sér eigin leiðir við lausnir og sýnt leiðina til lausnar með teikningum eða á annan hátt
- þekki hugtökin helmingur, helmingi stærri og helmingi fleiri.

## Algebra

Stefnt er að því að nemendur geti:

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

## Rúmfræði og mælingar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- þekkt og notað helstu hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða
- borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar
- gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu
- rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt

## Tölfræði og líkindi

Stefnt er að því að nemendur geti:

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit

## Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna á sínum hraða í stærðfræðinni og fá að vinna í æfingabókum með Sprotu heima eftir áhuga og getu hvers og eins.

Við nýtum okkur ýmis gögn við námið, Numicon, sætisgildiskubba, einfestukubba, myndir og mælitæki.

## Námsefni

Sprotabækurnar frá 1 – 2 (3 ef vel gengur), ásamt æfingabókum, Stærðfræðispæjarar 1-2, efni af vef, t.d. vef



sem fylgir Sprotabókunum: <http://vefir.mms.is/taerdfraeditorg/youngstastig.html> ásamt öðru veflægu efni af stærðfræðitorgi, skólavef og víðar.

## Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskrifa í táknmál stærðfræðinnar og öðlast þannig góðan skilning á henni og geta beitt í daglegu lífi.
- **Sjálfbærni:** Stærðfræði er mikilvæg til að gera sér grein fyrir og skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsins. Nemendur læri að setja stærðfræði í samhengi við daglegt líf og öðlast þannig skilning á hugtakinu sjálfbærni í víðu samhengi.
- **Lýðræði og mannréttindi:** mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og hverjum öðrum. Nemendur fá að velja sér viss verkefni út frá áhugasviði og læra grunninn að því að bera ábyrgð á eigin námi.
- **Jafnrétti:** Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna, t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- **Heilbrigði og velferð:** Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allar nemenda.
- **Sköpun:** Í stærðfræðinni er markvisst þjálfuð gagnrýnin hugsun sem leiðir til sterkari rökhugsunar. Nemendur uppgötva þannig nýjar leiðir við úrlausn verkefna og reynt er að vekja forvitni þannig að nemendur takist á við áskoranir með opnum huga

## Námsmat

Símat, framfarir metnar yfir veturinn, stuttar kannanir og stöðupróf í vor.

## Íslenska 4.bekkur

---

Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir

Kennslustundir: 240 mínútur á viku.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun, málfræði.

### Hæfniviðmið

#### Talað mál

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu

- sagt frá eftirminnilegum atburðum og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi

### Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- nýtt sér góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap
- lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

### Ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- dregið rétt til starfs og skrifað skýrt og læsilega
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

### Málfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilning sem hæfir þroska
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- fundið kyn og tölu,
- greint mun á sérnöfnum og samnöfnum,
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, atkvæði, hljóð, orð, samsett orð, andheiti og samheiti og málsgrein
- leikið sér með orð og merkingu, s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki
- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál fyrir byrjendur.

#### Hlustun og talað mál

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim
- tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda
- tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu
- borið fram helstu máhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði
- spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum

## Lestur, bókmenntir og ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað og skilið íslenskt stafróf og tengt saman hljóð og staf
- lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur
- samið, sagt upphátt eða skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð
- beitt einföldum reglum um stafsetningu
- lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum
- skráð athugasemdir og niðurstöður í samstarfshópi

## Skipulag kennslunnar

Unnið er að mestu út frá áætlun í íslensku. Hópinlagnir eru vegna ýmissa efnisatriða þar sem nemendur fylgjast að með en annars eru einstaklingsinnlagnir. Nemendur gefst færi á að vinna námsefnið á sínum hraða sem hæfir þeirra getustigi. Námsefni er lagt fyrir í tíma og verkefni í kennslubók, af neti eða öðrum gögnum frá kennara unnin ýmist einstaklingslega eða í hópavinnu.

240 mín á viku eru ætlaðar íslenskunámi en undir það fellur málfræði, bókmenntir, lestur, ritun (á blaði og í tölvu) og skrift. Nemendur byrja daginn á lestri fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa og lestri í hljóði í 20 mínútur. Einnig taka nemendur þátt í yndislestri og paralestri. 1-2 tímar á viku fara í málfræði. 1-2 tímar á viku fara svo í ritun, skrift og bókmenntir. Inn í þeim tímum er einnig farið í að efla lesskilning og markvissa málörvun. Þessir tímar koma til með að verða samvinnuáætlunir að hluta í stöðvavinnu þar sem unnið er á fjölbreyttan hátt með flesta þætti íslenskunnar. Nemendur eru enn fremur með tvær kennslustundir á viku ætlaðar heimavinnu og í þeim tímum er bætt við viðeigandi námsefni þar sem þarf hjá hverjum og einum eftir að heimavinnuáætlun er lokið.

## Námsefni

Litla Lesrún, Lesrún, Ritrún 1-3, Málfræðin okkar 1.hefti, Tvistur - Þristur, Skrudda verkefnabók 1, Málrækt, Kæra Dagbók 1-2, Skrift 3-5 og ýmislegt ljósritað efni frá kennara og annað þjálfunarefni t.d. á netinu (skolavefurinn, 123skoli o.fl.).

## Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** Í sínum víðasta skilningi er læsi eitt af höfuðmarkmiðum íslenskunámsins. Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarfærni með markvissri þjálfun í samvinnu við heimilin. Mikil textavinna og fjölbreytt verkefni þjálfar nemendur í að leita sér upplýsinga, greina texta og finna aðalatriði, endursegja og skilja.
- **Sjálfbærni:** Nemendur þjálfast í því að beita lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem þeim gefst kostur á að vinna saman að ákveðnum verkefnum.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Í kennslutímum er lagt upp með að efla samábyrgð, virkni og meðvitund allra nemenda í gegnum íslenskunám. Með þátttöku í hópavinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars ásamt því að finna hjá sér kjark til að ígrunda eigin hugmyndir og láta þær í ljós.
- **Jafnrétti:** Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda.
- **Heilbrigði og velferð:** Undirstaða náms er heilbrigði og velferð nemenda og lögð er rík áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.

- **Sköpun:** Nemendur þjálfast í að búa til eigin frásagnir í gegnum sögur, teikningar og ljóð. Frágangur verkefna og skil geta verið með ýmsum hætti allt eftir því hvað hverjum og einum blæs í brjóst.

## Námsmat

Yfir veturinn eru framfarir metnar. Nemendur taka lestrarpróf að hausti, í byrjun janúar og í mái. Fleiri lestrarpróf verða lögð fyrir ef þurfa þykir. Lesferill MMS er lagður fyrir. Nemendur taka ýmis könnunarpróf reglulega og stöðupróf í vor. Námsmat byggist mest á vinnu í tímum, verkefnum og könnunum.

## Stærðfræði 4. bekkur

---

Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir

Kennslustundir: 300 mínútur á viku

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum; Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar snúa að almennum viðmiðum um stærðfræðilega hæfni. Síðari fjórir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar; Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

### Hæfniviðmið

#### Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- Spurt og tekið þátt í umræðum um verkefni
- Útskýrt sína lausn og rökstutt
- leyst stærðfræðiþrautir/orðadæmi um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi og eigin aðferðum
- unnið með og túlkað einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi þeirra og daglegu lífi
- nýtt sér fjölbreytt gögn við úrlausn verkefna og unnið hlutbundið að verkefnum

#### Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað hentug verkfræði, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- notað myndræna framsetningu, teikningar, kort, talnalínur ásamt texta til að sýna lausn
- notað einföld stærðfræðitákn og tengt inn í orðadæmi

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- fundið fleiri en eina lausnaleyð og notað hlutbundin gögn við það
- unnið með peninga
- unnið með öðrum og að ýmsum stærðfræðiverkefnum
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu um stærðfræði

### Tölur og reikningur

Stefnt er að því að nemendur geti:

- unnið með og notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
- námundað að tug, hundraði, heilli tölu og þekki námundarkerkið
- unnið með almenn brot, þekki teljara og nefnara og notað hlutbundin gögn til að vinna með ósamnefnd brot
- unnið með einingar, tugi, hundruð, þúsund og áttað sig á sætisgildum
- unnið með negatívar tölur og þekki orðið negatívir
- margfaldað með sinni aðferð tveggja stafa tölur með einni tölu
- unnið með gildi tölustafs eftir sætum
- lagt saman og geymt allt að 5 stafa tölur
- notað margföldun við deilingardæmi
- þekkt og nýtt sér margföldunartöflur frá 0-10

### Algebra

Stefnt er að því að nemendur geti:

- unnið með mynstur og raðir og fundið regluna
- fundið óþekkta stærð í einföldum dæmum

### Rúmfræði og mælingar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað helstu mælieiningar um lengd, þyngd og rúmmál og geti breytt milli eininga
- fundið ummál og flatarmál, þekkir orðið fersentimetri
- lesið af klukku og reiknað lengd milli tveggja tímasetninga
- teiknað og lýst einkennum þríhyrninga, ferninga, ferhyrninga, réttyrninga, samsíðunga
- fundið rétt horn og þekkir orðið gráður
- unnið með tímaeiningar og breytt milli sekúnda, mínútna og klukkustunda

- speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum
- fundið staðsetningu myndar í hnitakerfi og þekkir orðið hnit

## Tölfræði og líkindi

Stefnt er að því að nemendur geti:

- safnað gögnum, og sett upp með tölum og myndritum
- lesið upplýsingar af myndritum og fundið hæsta og lægsta gildi
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim

## Skipulag kennslunnar

Unnið er að mestu út frá áætlun í stærðfræði. Nemendur vinna í námsefni á sínum hraða og eftir sínu getustigi.

Hópinnlagnir eru vegna ýmissa efnisatriða, þegar leggja á fyrir nýja færni eða þegar lærð þekking er fest í sessi, annars eru einstaklingsinnlagnir. Námsefni er lagt fyrir í tíma og verkefni í kennslubók, af neti eða öðrum gögnum frá kennara unnin ýmist einstaklingslega eða í hópavinnu.

## Námsgögn

Sproti 3a-4b nemendabækur og æfingarhefti, Stika 1 nemendabók og reikningshefti, Við stefnum á margföldun og Við stefnum á deilingu, Stærðfræðispæjarar 2-3, Eining, ýmislegt ljósritað þjálfunarefni og hjálpargögn frá kennara af neti. Ýmiskonar hjálpargögn, talnalínur, punktabretti o.fl.

## Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** Læsi á tákni og miðla stærðfræðinnar er forsenda skilnings nemandans. Með þjálfun í að leysa verkefni í hóp og ræða ólíkar lausnir öðlast nemendur færni í að tjá sig með hugtökum stærðfræðinnar og verða læsir á hin ólíku birtingarform hennar. Markmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í leggja merkingu í það sem fengist er við hverju sinni.
- **Sjálfbærni:** Sjálfbærni í stærðfræðikennslunni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Auk þess fá þeir innsýn í hvernig stærðfræði nýtist meðal annars til að finna lausnir á vandamálum daglegs lífs.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum áætlunum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars en um leið að setja sjálfum sér hæfileg markmið.
- **Jafnrétti:** Í stærðfræðikennslunni birtist jafnrétti fyrst og fremst í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og hæfni á eigin forsendum og hraða og beita fjölbreyttum aðferðum í því augnamiði.
- **Heilbrigði og velferð:** nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um verkefni stærðfræðinnar.
- **Sköpun:** er veigamikill þáttur í þrautalausnum stærðfræðinnar. Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að finna lausnir á verkefnum sínum. Nemendur verði

Þess áskynja að sjaldan er aðeins til ein rétt lausn á vanda eða verkefni og oftast má beita margs konar aðferðum til að fá sömu niðurstöðu.

## Námsmat

Vinna í tímum, kaflapróf, reglulegar kannanir og stöðupróf.

## Íslenska 5.bekkur

---

Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir

Kennslustundir: 240 mínútur á viku.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum; Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og bókmenntir, Ritun, Málfræði.

### Hæfniviðmið

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því að nemendur geti:

- tjáð sig skýrt og greinilega fyrir framan hóp
- átt góð samskipti, hlustað á aðra af kurteisi
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlustað af athygli á upplestur, leikrit eða frásögn og sýni flytjanda virðingu
- þjálfist í að taka þátt í samræðum og rökræðum og sýni kurteisi
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

#### Lestur og bókmenntir:

Stefnt er að því að nemendur geti:

- hafi skýran og áheyrilegan upplestur
- geti unnið með texta og fundið aðalatriði
- kynnst ólíkum tegundum ljóða, þekki bragfræðileg hugtök s.s. rím, ljóðstafir og myndmál, t.d. líkingu og persónugervingu
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gangs og ánægju
- lesi að lágmarki 140 orð á mínútu
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum
- aflað upplýsinga úr bókum og rafrænu efni
- þjálfist í mismunandi lestri, s.s. leitarlestri og nákvæmislestri
- þekki nokkur bókmenntaleg hugtök, s.s. aðal og aukapersóna, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur og atburðarás
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- ræði og skrifi um bókmenntaverk sem unnið hefur verið með
- geti lesið fyriræli og fylgt þeim

## Ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skrifað læsilega og af öryggi með þokkalegum hraða
- noti helstu atriði starfsetningar stór- lítill stafur, minn-mín reglur, stofn orða
- læri að gera hugtakakort og nýta við ritun
- nýti sér orðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun
- geti samið sögu með upphafi, atburðarás með 2-4 efnisgreinum og lokaorðum
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu

## Málfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- þekki stafrófið og geti raðað í stafrófsröð
- þekki sagnorð og einkenni þeirra, nafnhátt, nútíð og þátíð
- þekki nafnorð, lýsingarorð og einkenni þeirra
- vinni með orðtök og málshætti í töluðu og máli og ritun
- vinni með kyn og tölu fallorða og stigbreytingu lýsingarorða
- kynnist orðmyndun og nýyrðasmíð, þekki slettur/slangur

## Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál fyrir byrjendur.

## Hlustun og talað mál

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim
- tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda
- tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu
- borið fram helstu málhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði
- spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum

## Lestur, bókmenntir og ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað og skilið íslenskt stafróf og tengt saman hljóð og staf
- lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur
- samið, sagt upphátt eða skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð
- beitt einföldum reglum um stafsetningu
- lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum
- skráð athugasemdir og niðurstöður í samstarfshópi



## Skipulag kennslunnar

Lestur og lesskilningur er æfður markvisst í 20 mínútur fyrsta tíma hvers dags og áhersla er lögð á heimalestur. Farið er sameiginlega yfir ákveðna þætti málfræði og stafsetningar en yfirleitt vinna nemendur sjálfstætt í vinnubókum eftir þroska og getu. Lögð er áhersla á markvissa málörvun og að auka orðaforða fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sérstaklega. Nemendur æfa reglulega framsögn og tjáningu og vinna ýmis hópaverkefni er efla samskiptagreind nemenda og hæfni til að leysa samskiptavanda, hlutverkaskipti og að hlusta á aðra.

### Námsgögn

Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Málrækt 1 og 2, Málfræðiheftið mitt 1-2, Mál til komið – lesbók og vinnubók, Skinna lesbók og vinnubók, Skrudda verkefnabók 1, Lesrún 2-3, Ritrún 3, Kæra Dagbók 1-2, ýmsar ljóðabækur, ýmis konar efni af vefsíðum, myndir og myndbönd, bækur og fleira tilfallandi.

## Grunnþættir menntunar

- **Læsi** í sínum víðasta skilningi er eitt af höfuðmarkmiðum íslenskunámsins. Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarfærni með markvissri þjálfun í samvinnu við heimilin. Mikil textavinna og fjölbreytt verkefni þjálfa nemendur í að leita sér upplýsinga, greina texta og finna aðalatriði, endursegja og skilja.
- **Sjálfbærni** beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að vinna saman að ákveðnum verkefnum.
- **Lýðræði og mannréttindi** endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með þátttöku í hópvinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annar og sýna hvert öðru umburðarlyndi.
- **Jafnrétti** felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda.
- **Heilbrigði og velferð** nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- **Sköpun.** Nemendur þjálfast í að búa til eigin frásagnir, sögur og ljóð. Frágangur verkefna og skil getur verið með ýmsum hætti allt eftir því hvað hverjum og einum blæs í brjóst.

## Námsmat

Yfir veturinn eru framfarir metnar. Nemendur taka lestrarpróf að hausti, í byrjun janúar og í maí. Fleiri lestrarpróf verða lögð fyrir ef þurfa þykir. Lesferill MMS er lagður fyrir. Nemendur taka ýmis könnunarpróf reglulega og taka stöðupróf í vor. Námsmat byggist mest á vinnu í tímum, verkefnum og könnunum.

## Stærðfræði 5. bekkur

---

Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir

Kennslustundir: 300 mínútur á viku

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum; Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar snúa að almennum viðmiðum um stærðfræðilega hæfni. Síðari fjórir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar; Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

### Hæfniviðmið

#### Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir
- unnið með og túlkað greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi þeirra og daglegu lífi

#### Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- túlkað og notað einföld stærðfræðitákni s.s. tölur og aðgerðamerki og tengt viði orðadæmi, túlkað milli stærðfræði og daglegs máls
- valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- þekki og noti stærðfræðihugtök við vinnu
- notað myndræna framsetningu, kort, teikningar, talnalínur ásamt texta til að sýna lausn

#### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- fundið fleiri en eina lausnaleyð við þrautalausnir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á hugmyndum nemenda
- lesið einfaldan fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir

#### Tölur og reikningur

Stefnt er að því að nemendur geti:

- unnið með ræðar tölur (heilar, negatívar og brot), raðað þeim og borið saman
- unnið með námundun að tug, hundruði, heilli tölu og þekkir námundarmerkið
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- unnið með einingar, tugi, hundruð, þúsund og áttar sig á sætisgildum talna minni en 0
- unnið með negatívar tölur og þekkir orðið negatívar

- margfaldað tugabrot með 10 og 100 og geti deilt í heila tölu með 10 eða 100 og fengið út tugabrot
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á þeir skilji sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- lagt saman, dregið frá, geymt og fengið lánað allt að 5 stafa tölur
- unnið með tugabrot og almenn brot, þekki teljara og nefnara, geti sýnt að þeir skilji samband tugabrota og almennra brota.

## Algebra

Stefnt er að því að nemendur geti:

- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og fundið reglu og tengsl, lýst með tölum, myndum, orðum og á táknumáli algebrunnar

## Rúmfræði og mælingar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað helstu mælieiningar um lengd, þyngd og rúmmál og breytt milli eininga, hugtök og aðferði rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði
- áætlað og mælt horn, þekki nöfn ólíkra horna og kunna hornasummu þríhyrninga og ferhyrninga
- notað mælikvarða og einslögun til að stækka og minnka flatarmyndir
- teiknað og lýst tvívíðum og þrívíðum formum, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum
- rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn
- notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað og reiknað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum
- þekki orðið hnit og geti unnið með staðsetningu punkta í hnitakerfi

## Tölfræði og líkindi

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lesið upplýsingar af myndritum og fundið hæsta og lægsta gildi, miðgildi og tíðasta gildi
- dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- sett gögn inn í töflureikni og unnið með þau, sett fram á myndriti
- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau m.a. með töflum og myndritum
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim

## Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna að mestu leyti sjálfstætt í námsbókum og fá aðstoð eftir þörfum. Kennari leggur inn helstu þætti og aðaláherslur hvers kafla og tekur fyrir ákveðna þætti eftir þörfum jafnóðum og þeir koma upp. Námið er aðlagað að þörfum hvers og eins með mismunandi fjölda dæma, ítrekuðum æfingum og aukinni aðstoð við þá sem þessa þurfa.

Stærðfræði er vel fallin til samþættingar við aðrar greinar svo sem myndmennt og verður lögð áhersla á að nýta þau tækifæri sem gefast til samþættingar.

Nemendur fá þrautir til að leysa í litlum hópum af og til yfir veturinn. Nemendur eru einnig hvattir til að aðstoða hvern annan og ræða saman um lausnir og aðferðir í kennslustundum.

## Námsgögn

- Stika 1a og 1b. Reikningsbækur, gráðubogi, reglustika, hringfari, reiknivél.
- Kennsluforrit „Multi“
- Önnur forrit og leikir af vef

- Aukabækur: Eining 7-8, Mars o.fl.
- Önnur námsgögn frá kennara, s.s. teningar, spil, vinnublöð og annað efni.
- Valið aukaefni til að mæta sérþörfum nemenda

## Grunnþættir menntunar

- **Læsi** á tákni og miðla stærðfræðinnar er forsenda skilnings nemandans. Með þjálfun í að leysa verkefni í hóp og ræða ólíkar lausnir öðlast nemendur færni í að tjá sig með hugtökum stærðfræðinnar og verða læsir á hin ólíku birtingarform hennar. Markmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í leggja merkingu í það sem fengist er við hverju sinni.
- **Sjálfbærni** í stærðfræðikennslunni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Auk þess fá þeir innsýn í hvernig stærðfræði nýtist meðal annars til að finna lausnir á vandamálum daglegs lífs.
- **Lýðræði og mannréttindi** endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum áætlunum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars en um leið að setja sjálfum sér hæfileg markmið.
- **Jafnrétti** í stærðfræðikennslunni birtist fyrst og fremst í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og hæfni á eigin forsendum og hraða og beita fjölbreyttum aðferðum í því augnamiði.
- **Heilbrigði og velferð** nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólafunni. Jákvæð samskipti, sam hjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um verkefni stærðfræðinnar.
- **Sköpun** er veigamikill þáttur í þrútaalausnum stærðfræðinnar. Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að finna lausnir á verkefnum sínum. Nemendur verði þess áskynja að sjaldan er aðeins til ein rétt lausn á vanda eða verkefni og oftast má beita margs konar aðferðum til að fá sömu niðurstöðu.

## Námsmat

Kaflapróf eftir hvern kafla, reglulegar kannanir yfir veturinn og stöðupróf í vor.

## Samfélagsfræði 1.-5.bekkur

*Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir*

Kennslustundir: 160 mínútur á viku

Þemaverkefni 1.-5.bekkjara fyrir hvora önn: Hringrásir og Samfélagið mitt (dýr, fólk og samfélag). Samfélagsfræðin er samþætt íslensku, náttúrufræði og myndmennt. Unnið er út frá hæfniviðmiðum samfélags- og náttúrufræðigreina.

## Samfélagsfræði

Efnisþættir hæfniviðmiða samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka; reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

## Hæfniviðmið

### Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag, saga, menning: hæfni nemenda til að skilja veruleikann

Stefnt er að því að nemendur geti:

- þekkt gildin virðing fyrir sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar.
- gert sér grein fyrir því að búseta manna ræður miklu um lifnaðarhætti þeirra.
- þekki og geti nýtt sér landa
- áttað sig á gildi fjölskyldunnar og fjölbreytileika hennar
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður

### Sjálfsmynd

Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Stefnt er að því að nemendur geti:

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- sett sig í spor annarra jafnaldra
- gert grein fyrir tilfinningum sínum
- gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans/hennar.

### Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Stefnt er að því að nemendur geti:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum

## Náttúrufræði

Efnisþættir hæfniviðmiða náttúrugreina skiptast í 6 flokka; Að búa á jörðinni, Lífsskilyrði manna, Náttúra Íslands, Heilbrigði umhverfisins, Samspil vísinda,tækni og þróunar í samfélaginu.

## Hæfniviðmið

### Að búa á jörðinni

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks
- útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður
- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks

### Lífsskilyrði manna

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu
- rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu
- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf
- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans
- útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans
- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns
- bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi

### Náttúra Ísland

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda
- útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu
- lýst landnotkun í heimabyggð
- notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð
- greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi

### Heilbrigði umhverfis

Stefnt er að því að nemendur geti:

- fjallað um samspil manns og náttúru
- sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra
- flokkað úrgang
- gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita
- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum

### Samspil vísinda, tækni og þróunar

Stefnt er að því að nemendur geti:

- flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra
- gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.
- lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra

### Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna að ýmsum skapandi verkefnum út frá viðfangsefni hverrar viku. Þeir vinna bæði sjálfstætt og í minni hópum að ýmsum verkefnum þar sem hæfni er þjálfuð samkvæmt ofan sögðu.

Kennslugögn eru Komdu og skoðaðu hringrásir, Heimurinn okkar lesbók og verkefnabók, Grænu skrefin, Hani, krummi, hundur, svín, Söguskinna, Sveitin lestrarbók, Í sveitinni með Æsu og Gunna, ýmis verkefni af vef og önnur tilfallandi verkefni og bækur.

### Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** að nemendur séu virkir þátttakendur í að lesa í tákni náttúrufræði, samfélagsfræði og íslensku og öðlast þannig góðan skilning og orðaforða sem nemendur geta beitt í daglegu lífi.
- **Sjálfbærni:** lögð er áhersla á nærsamfélagið og að nemendur geti skapað samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsins og samspil náttúru og auðlinda á samfélagið. Nemendur kynnist úrgangslosun, moltugerð, flokkun, verðmæti vatns og nýtingu þeirrar auðlindar sem orkugjafa.
- **Lýðræði og mannréttindi:** mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og hverjum öðrum. Nemendur fá að velja sér viss verkefni útfrá áhugasviði og læra grunninn að því að bera ábyrgð á eigin námi.
- **Jafnrétti:** Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna, t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- **Heilbrigði og velferð:** Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allar nemenda.
- **Sköpun:** með samþættingu við myndmennt í úrvinnslu verkefna er stuðlað að aukinni sköpunargleði nemenda, markvisst er unnið að gagnrýnni hugsun og hvetja nemendur til að uppgötva nýjar leiðir við úrlausn verkefna þar sem styrkur hvers og eins fær að njóta sín.

## Námsmat

Í samfélagsfræði er mikilvægt að nemendur læri nýjan orðaforða greinarinnar og þjálfist vel í að nota hann og verður lögð áhersla á slíkt í námsmatinu.

## Lífsleikni 1.-5.bekkur

---

*Kennari: Sonja Karen Marinósdóttir*

Kennslustundir: 135 mínútur á viku

Nemendur kynnist jóga, öndunaræfingum og slökun

- Nemendur kynntar ýmsar asönur (jógastöður), t.d. köttur og kú, stríðsmaður 1 og 2, dúfan, stóll, fiskur, kerti, gyðjan, barnið, tré o.fl.
- Nemendur læra að óma (ohm), möntrur, öndunaræfingar sem hjálpa til við að draga úr kvíða og spennu og fá slökun við tóna frá kristalsskálum og tíbeskum söngskálum í lok hvers tíma.
- Farið yfir grunnþætti jógaheimspekinnar, virðing fyrir öllum lifandi verum, dýrum, manneskjum og sjálfum sér, kurteisi í samskiptum án fordóma eða metings, mikilvægi þess að hlúa að sér andlega og líkamlega, mikilvægi slökunar og að ná að anda djúpt.

Nemendur kynnist heimspeki, geti rætt tilfinningar og líðan sína, sett sig í spor annarra og nýtt sér leiklist, dans og tónlist til persónusköpunar sem staðgengil fyrir sínar eigin tilfinningar/líðan eða annarra.

- Nemendur setja upp stutta leikþætti, dansverk, myndlistarverk útfrá viðfangsefnum hvers tíma. Leitast er við að efla skapandi hugsun og gagnrýna hugsun og nota listrænar aðferðir við úrvinnslu verkefna.

## Lífsleikni - Jóga

### Hæfniviðmið

Unnið út frá völdum almennum hæfniviðmiðum

### Tjáning og miðlun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum

### Sjálfstæði og samvinna

Stefnt er að því að nemendur geti:

- unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á



- gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi
- tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu
- tekið leiðsögn á jákvæðan hátt

## Lífsleikni – Heimspeki, tilfinningar, líðan, heilsa Hæfniviðmið

Unnið út frá völdum hæfniviðmiðum samfélagsgreina, sjónlista, dans- og leiklistar.

### Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning

Stefnt er að því að nemendur geti:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga

### Hugarheimur – Sjálfsmynd

Stefnt er að því að nemendur geti:

- sett sig í spor annarra, jafnaldra og annarra bekkjarfélaga/skólafélaga

### Félagsheimur – Samskipti

Stefnt er að því að nemendur geti:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

### Sjónlistir

Stefnt er að því að nemendur geti:

- nýtt sér eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni

### Sviðslistir – Dans

Stefnt er að því að nemendur geti:

- hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama
- tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur
- tekið tillit til jafningja í samstarfi
- tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara
- hlustað á hugmyndir annarra og lagt fram sínar eigin

### Sviðslistir – Leiklist

Stefnt er að því að nemendur geti:

- tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi
- lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur
- sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi
- sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna
- notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína
- beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum)
- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu
- sýnt frá á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu

### Skipulag kennslunnar

Í jógahluta lífsleikni hefja nemendur hvern tíma á öndunaræfingum, fara svo í jógastöður og enda tímann á slökun. Inná milli læra nemendur möntrur og kyrja saman og/eða óma. Lögð er áhersla á að nemendur læri að einbeita sér að sjálfum sér og sinni öndun, haldi fókus á mottunni og láti utanaðkomandi áreiti ekki hafa áhrif á sig.

Í heimspekahluta lífsleikni er farið yfir jógaheimspeki í bland við aðra heimspeki, nemendur skoða tilfinningar sínar, líðan og heilsu og vinna listræn verkefni útfrá hverju viðfangsefni. Unnið er ýmist í einstaklings- og/eða hópavinnu.

### Námsefni

Sýnikennsla frá kennara, möntrur af vef, jógapil og jógabækur.

Ýmsar heimspekibækur og margskonar bækur um líðan og tilfinningar, margskonar efni af vef.

### Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** að nemendur séu virkir þátttakendur í að lesa í táknmál líkama síns, líkamsbyggingu og líkamstúlkun, skilji líkama sinn og tilfinningar betur og geti beitt aðferðum við að bregðast við ef þörf er á slökun í krefjandi aðstæðum.

- **Sjálfbærni:** Nemendur læri að treysta á sig sjálf, efla sjálfstraust og sjálfsmynd og læri að hver og einn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélagi (hópi). Nemendur læri að þekkja styrkleika sína og sett í samhengi við samábyrgt samfélag.
- **Lýðræði og mannréttindi:** mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og hverjum öðrum. Nemendur sýni kurteisi
- **Jafnrétti:** Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna, t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- **Heilbrigði og velferð:** Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allar nemenda.
- **Sköpun:** með samþættingu við myndmennt, dans og leiklist í úrvinnslu verkefna er stuðlað að aukinni sköpunargleði nemenda, markvisst er unnið að gagnrýnni hugsun og hvetja nemendur til að uppgötva nýjar leiðir við úrlausn verkefna þar sem styrkur hvers og eins fær að njóta sín.

## Námsmat

Í lífsleikni er mikilvægt að nemendur læri nýjan orðaforða og þjálfist vel í að nota hann. Vinna í tímum og verkefnum sem og framfarir eru metnar til umsagnar.

## Náttúrufræði 1.-5. bekkur 2021-2022

*Kennari: Jóhannes Guðbjörnsson*

Kennslustundir: 120 mínútur á viku

### Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,
- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði í því,
- miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,
- notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,
- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi plantna, skilji og geti útskýrt á einfaldan hátt ljóstíllífun og hvernig líf kviknaði á jörðu.  
Einnig samspil manns og náttúru og hvernig við bregðumst við gróðurhúsaáhrifum.
- gert sér grein fyrir mikilvægi hollrar fæðu, hreyfingar og hreinlætis
- eft með sér virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og náttúrunni

### Skipulag kennslunnar

Nemendur læra um kviknun lífs á jörðinni, og hvaða samverkandi þættir stuðla að betri lífsskilyrðum.

Nemendur læra um gróður í sjó, í vatni og á landi og hvernig hann hefur áhrif á líf á jörðu.

Einnig hvaða áhrif tré hafa á líf á jörðinni, læra um ljóstíllífun og náttúruvernd.

Nemendur kanna nánasta umhverfi sitt, vinna verkefni tengt nánasta umhverfi skólans.

Nemendur vinna verkefni í Græðlingi 1, Ég læri um tré, Græðlingi 2, Ég læri um laufblað, Græðlingi 3, Ég læri um tré rót og stofn, Græðlingi 4, Ég læri um dýr við, í og á trénu. Nemendur ræða hvað sé til ráða til að byggja betra líf á jörðu

**Námsgögn:** Græðlingur 1-4, Tré, Ísland, landið okkar, Náttúran, allan ársins hring, Lífríkið á landi, Lífríkið í fersku vatni og Lífríkið í sjó, Ræktun í skólastarfi og Gróðursetning, fræðslu og leiðbeiningarit Skógræktarfélag Íslands og Búnaðarbankans.

## Grunnþættir menntunar

**Læsi:** Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingarbæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

**Sjálfbærni:** Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hafa til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í róun og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tilfinningar nemanda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

**Lýðræði og mannréttindi:** Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærri mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint of þjálfðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúin að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslur þeirra.

**Jafnrétti:** Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notið sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum. Hugað er einnig að jafnrétti í víðara samhengi, t.d. varðandi útlit, þjóðerni, félagslega stöðu o.s.frv.

**Heilbrigði og velferð:** Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur sem er líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjarandi þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð. Nemendur fá enn fremur að kynnast slökunaraðferðum til að vinna bug á kvíða, spennu og vanlíðan sem þeir geta nýtt sér hvar og hvenær sem er.

**Sköpun:** er eitt af lykilhugtökum dönskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu. .

## Námsmat

Í námsmatinu er stuðst við fjölbreyttar aðferðir s.s. kannanir,, sjálfsmat og leiðsagnamat. Nemendur skila t.d. verkefnum skriflega eða munnlega.

Merkt er reglulega við hæfniviðmið í Mentor.

Einkunnir gefnar í A, B+, B, C+, C, D

## Upplýsinga og tæknimennt 1.-5. bekkur

*Kennari: Sigurður Jónsson*

Kennslustundir: 40 mínútur á viku

### Hæfniviðmið

#### Vinnulag og vinnubrögð

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms
- beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum

#### Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna
- nýtt rafrænt og gagnvirkir námsefni

#### Tækni og búnaður

Að nemendur geti:

- notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu

#### Siðferði og öryggismál

Að nemendur geti:

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra

### Skipulag kennslunnar

Nemendum kynnt undirstöðuatriði fingrasetningar, ýmis kennsluforrit og einföld myndvinnsla. Unnið með ýmis forrit í iPad. Einstaklingskennsla.

### Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** Að nemendur fái kennslu í að efla upplýsinga- og miðlunar læsi. Einnig að hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.
- **Sjálfbærni:** Að nemendur verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og viti um helstu hættur vefsins, geti forðast þær og sagt öðrum frá þeim.
- **Jafnrétti:** Nemendur geti farið eftir reglum internetsins en einnig nýtt sér internetið á alþjóðargrundvelli.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi en einnig aðra í internet heiminum.
- **Heilbrigði og velferð:** Nemendur geti nýtt internetið til að leita sér aðferða, uppskrifta og leiða til að öðlast heilbriggt lífni.
- **Sköpun:** Geti skapað t.d. stafrænar myndir

### Námsmat

Vinna í tímum

## Mynd- og handmennt 1.-5. bekkur

*Kennari: Trausti Tryggvason*

Kennslustundir: 100 mínútur á viku

### Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,
- nýtt sér einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði,
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,
- þekkt hugtök og heiti sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,
- sýnt ábyrga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- þjálfað hug og hönd, ásamt tilfinningu fyrir efni, formi og litum.
- þekkt og geta beitt einföldum handverkfærum.
- þjálfast í að fara eftir fyrirætlunum svo nemendur verði sjálfstæðir í vinnu sinni.
- Lært að tileinka sér margs konar aðferðir og vinnubrögð, hagkvæmar vinnustellingar, rétta notkun áhalda, samhliða þjálfun til sjálfstæðrar sköpunar eftir því sem aldur og þroski leyfir.
- gert lýsandi vinnuteikningar af verkum sínum
- gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.
- vakið og eflt áhuga fyrir nytsömu og þroskandi tómsundastarfi sem gefur þeim færi á að gleðja sig og sína nánustu með því að skapa hluti og hafa persónuleg gildi.

### Grunnþættir menntunar

- **Læsi** á tákneim mynda og sjónræns áreitis í víðum skilningi þess orðs er nauðsynleg í nútíma samfélagi. Markmið með myndlistarkennslu er að gera nemendur læsa á þann tákneim sem alls staðar er í kringum okkur. Þjálfun í að beita miðlum myndlistarinnar gerir nemendur færari til að miðla eigin hugmyndum og eflir frumkvæði þeirra.
- **Sjálfbærni** byggist meðal annars á því að kenna nemendum að nýta efnivið sem ella færi í ruslið og að fara vel með þau efni sem unnið er með hverju sinni.
- **Lýðræði og mannréttindi** endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum verkefnum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars.
- **Jafnrétti** birtist meðal annars í því að allir nemendur fá að vinna að sínum verkefnum eftir getu og þörfum þeirra mætt af skilningi og virðingu. Nemendur skulu temja sér að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.
- **Heilbrigði og velferð** nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um viðfangsefni myndlistarinnar.
- **Sköpun** er undirstaða allra listgreina og með markvissri þjálfun fá nemendur aukið sjálfstraust og frumkvæði til að finna sköpunargleði sinni farveg. Með því að efla skapandi hugsun eykst geta nemenda til að leysa fjölbreytt verkefni í daglegu lífi og námi.

## Námsmat

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

## Íþróttir og sund 1-5. bekkur

---

*Kennari: Jóhannes Guðbjörnsson*

Fjöldi kennslustunda: 4 tímar á viku, samkensla 1 - 5. bekkur.

Markmið íþróttakennslu er;

- að örva þroska nemandans og líkamsvitund hans.
- að efla félagsþroska í formi leikja og samvinnu.
- að nemendur hafi ánægju af íþróttum.
- að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin heilsu.
- að nemendur tileinki sér markvissa ástundun íþróttanna og/ eða líkams- og heilsuræktar.
- að nemendur öðlist vitneskju um mikilvægi heilsuverndar.
- að nemendur læri að hreyfing er hollur lífsstíll.

## Hæfniviðmið

Að nemendur öðlist færni í: að framkvæma æfingar sem reyna á þol og þrek; að framkvæma hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi; að framkvæma hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu; að öðlast aukna færni í grunn gólfæfingum fimleika, í boltaleikjum og læra reglur í mismunandi boltaleikjum

Að nemendur læri að fylgja reglum í leikjum og að á endanum eru allir sigurvegarar.

Að nemendur öðlist færni til að ná tilskyldum árangri til þeirra sundstiga eins og tilgreint er í Aðalnámskrá grunnskóla, miðað við aldur þeirra, s.s. eins og; velt sér af kvið á bak og öfugt; tekið þátt í leikjum í vatni. synt sporðtök og síðan flugsund, skriðsund, bringusund og skólabaksund, með eða án hjálpartækja.

Að nemendur skilji hvernig knýjkræftur sundtakanna hjálpar þeim að ná góðri fleytni.

Hreinlæti er mikilvægt, einnig í tengslum við íþróttir og sundiðkun og er lögð áhersla á hreinlæti.

Hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu, kynnt og útskýrð

Leikir eru börnum mikilvægir, bæði til andlegs, líkamlegs og félagslegs þroska, lögð er áhersla á leiki í íþróttatímum.

Útivist og útivera er hluti af íþróttakennslu, nemendur læri að klæða sig í tilliti til veðurs.

Öryggi í íþróttahúsi og sundlaug er kynnt nemendum og hvernig á að bregðast við óhöppum.

## Skipulag kennslunnar

Viðfangsefni skólaíþróttta er af ýmsum toga eins og áður hefur verið upptalið.

Kennt er í formi leikja, stöðvarþjálfunar og valtíma. Hópkennsla, innlagnir, verklegar æfingar, herminám o.s.frv.

Kynntar eru ýmsar íþróttgreinar, reglur þeirra og fyrirkomulag.

Áhersla er lögð á virðingu, vellíðan og virkni.

## Grunnþættir menntunar

**Læsi:** Nemendur geti valið þau tæki og áhöld sem henta hverju sinni, viti hver áhrif hreyfingar eru á líkamann og fái tækifæri til að upplifa hreyfingu og ræða mikilvægi hennar.

**Sjálfbærni:** Nemendur geti búið sjálfir til æfingarplan og fylgt því eftir en einnig valið leiki sem veitir þeim

ánægju og sem þeim þykir áhugaverðir.

**Jafnrétti:** Allir fái að stunda íþróttir óháð þjóðerni, trúarbrögðum, kyni og aldri. Nemendur geti farið eftir reglum og unnið á jafnréttisgrundvelli.

**Lýðræði og mannréttindi:** Að nemendur geti valið sér hreyfingu við hæfi, geti haft áhrif á leikjaval en einnig hópaskiptingar og lið. Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi.

**Heilbrigði og velferð:** Nemendur átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífarnis og hreyfingu en einnig hversu jákvæð hún er fyrir sál og líkama.

Sköpun: Geti þróað og hannað leiki og reglur.

## Námsmat

Við gerð námsmats er tekið mið af hreyfifærni nemenda, vinnu/virkni og hegðun nemenda. Nemendur fá umsögn í lok annar. Í sundi er einnig notast við viðeigandi sundstig.

Lykilhæfni:

Þátttaka í tímum og áhugi.

Ábyrgð á eigin frammistöðu.

Samvinna við aðra, vinna vel í hópi.

Nýta verkfærin og lærða kunnáttu á stöðum utan skólans.



